

Fundargerð

26. fundur í umhverfis- skipulags- og bygginganefnd.

Föstudaginn 8. maí 2009 kom USB saman til fundar í kaffistofu Þórsvers.

Mætt: Áki Guðmundsson, Kristján Úlfarsson, Vífill Þorfinnsson, Steinn Karlsson, Jóhanna Helgadóttir og Björn Guðmundur Björnsson, sveitarstjóri.

Fundur hófst kl. 12:10.

Dagskrá.

1. Lyngholt, umsókn um stækkun (grenndarkynning).
2. Umsókn frá Reyni Atla Jónssyni um hesthúsaloð.
3. Sorpmál (nú og í framtíð).
4. Opnir skurðir í LNB.
5. Umhverfisdagar. (Hreinsunardagur).
6. Ábendingar til umhverfisbóta, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Afgreiðsla:

1. Málinu vísað í eðlilegan farveg. Sveitarstjóra falið að koma málinu í grenndarkynningu.
2. Málinu vísað til deiliskipulags skv. bókun USB á 23. fundi nefndarinnar 13. Janúar 2009.
3. Nefndin leggur til að gerð verði könnun meðal íbúa Langanesbyggðar um viðhorf þeirra til flokkunar á sorpi. Fólki verði kynntar nokkrar leiðir og kostnaður við hverja fyrir sig.
4. Þessum lið frestað til næsta fundar.

Björn Guðmundur fór af fundi.

5. Og 6. Lagt til að hreinsunardagur verði laugardaginn 16. maí eða í síðasta lagi 23. maí. Sent verði út dreifibréf til íbúa og fyrirtækja ásamt eintaki af „ Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfsvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og Austurlands“ Samþykkt að fá Þorkel Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti N-lands eystra til að koma og gera úttekt á umhverfismálum sveitarfélagsins. Sveitarstjóra og verkstjórum áhaldahúsa falið að koma verkinu í framkvæmd.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.